

Sannprófun mótvægisáðgerða vegna vegaf framkvæmda: Skilar endurheimt votlendis tilætluðum árangri (meistaraprófitgerð). Þórdís Björt Sigþórsdóttir, Líf- og umhverfisvísindadeild Háskóla Íslands – maí 2018.

Síðan lög um mat á umhverfisáhrifum tóku gildi á tíunda áratug síðustu aldar, hefur Vegagerðin unnið að endurheimt votlendis víða um land, til að bæta fyrir tap og röskun á votlendi vegna vegaf framkvæmda.

Í meistaraverkefninu, sem ritgerðin fjallar um, var metinn árangur á fimm votlendissvæðum sem Vegagerðin endurheimti á árunum 2003-2014. Þá voru matsskýrslur í tengslum við viðkomandi framkvæmdir greindar. Árangursmatið fól meðal annars í sér gróðurúttekt, mælingu á jarðvatnsstöðu, mat á gróðurhulu skurðsára og athugun á skurðfyllingum og stíflum. Matsskýrslurnar voru greindar með hliðsjón af umfjöllun um votlendi og þá sérstaklega hvort þær tóku til endurheimtar.

Svæðin sem skoðuð voru eru staðsett í ólíkum landshlutum á Vestfjörðum, Norðurlandi og Austurlandi. Votlendið var af mismunandi gerð (hallamýrar, flóar og flæðiengi). Á heildina litið er endurheimt árangursrík á flest öllum svæðum sem skoðuð voru, votlendisgróður víða ríkjandi og landið í mörgum tilvika talsvert blautt. Sumstaðar hafði gróður þó ekki náð að loka skurðsvæðum. Fram kemur að skýrt verklag við framkvæmd endurheimtar er mikilvægt og lagt er til að unnið sé eftir ákveðnum verklagsreglum. Þegar skoðaðar voru matsskýrslur í tengslum við þær framkvæmdir, sem voru til athugunar í verkefninu, kom í ljós að jákvæð þróun hafði orðið með tilliti til umfjöllunar um votlendi og endurheimt þess í þeim. Þó kemur fram að niðurstöður bendi til að skýra þurfi betur hlutverk ólíkra aðila og auka hvata þegar kemur að eftirfylgni mótvægisáðgerða.